

Fjarðarselsvirkjun

1913-2013



Orkugjafi í eina öld

Seyðisfjörður fékk kaupstaðarréttindi árið 1895. Mikill uppgangur var í atvinnulífi á staðnum um það leyti og íbúafjölgun hröð. Stafaði það ekki síst af umsvifum kaupmanna, sem þjónuðu m.a. bændum á Héraði. En einnig höfðu norskir síldveiðimenn komið sér þar upp bækistöðvum.

Bæjarfélagið var vel sett fjárhagslega og var fyrst til að hrinda af stað ýmsum framfaramálum. Meðal þess sem gert var um það leyti var lagning vatnsveitu, sjúkrahús var reist og barnaskóli byggður. Um aldamótin 1900 var einnig byrjað að huga að virkjun til að raflýsa bæinn. Helsta vatnsfallið í nágrenninu, Fjarðará, kemur af Fjarðarheiði sem skilur að Fljótsdalshérað og Seyðisfjörð.

Á fyrstu árum aldarinnar var leitað eftir tilboðum bæði erlendis frá og innanlands í virkjun Fjarðará. Ýmis tilboð bárust sem voru þó ekki talin henta.

1912 barst tilboð sem fallist var á. Var það frá þýska fyrirtækinu Siemens - Schuckert, sem hafði umboðsskrifstofu í Kaupmannahöfn.

Stöðvarhúsið var reist í Fjarðarselshvammi, fallegu dalverpi fyrir neðan árgljúfrið. Stífla var reist fyrir ofan Fjarðarsel, 400 metra uppi í giliinu. Þar á milli var sett þrýstivatnspípa úr járn. Til að byrja með var sett ein vatnsvél í virkjunina, 55 kW.

Stöðvarhúsið er steinsteypt og líktist íbúðarhúsum þess tíma. Það er einlyft, með háu risi og

kvistum. Vélasalur á jarðhæð og íbúð stöðvarstjóra var í risinu fyrstu árin.

Þessi framkvæmd markaði upphaf nútíma rafveitureksturs. Þarna var byggð nýttísku rafveita, hin fyrsta hérlandis með riðstraum, sem var tækniþynging. Þessi tækninýjung var þróuð á síðasta áratug 19. aldar.

Riðstraumurinn auðveldaði flutning orkunnar með hárri spennu, enda var fyrsta háspennulína hérlandis lögð frá virkjuninni. Óhætt er að segja að val á jafn reyndum verktaka hafi skipt sköpum. Aðrar veitur byggðar á þessum tíma voru jafnstraumsveitur.

Reykvíkingar höfðu nokkrum árum fyrr hafnað hugmyndum um virkjun í Elliðaám og kusu um svipað leyti og Seyðfirðingar undirbyggju virkjun, að reisa gasstöð og lýsa götur Reykjavíkur með gasljósum, meðan Seyðfirðingar nutu þæginda rafljósanna.

RARIK tók við rekstri Fjarðarselsvirkjunar 1958 og á þessum tímamótum, 100 ára afmæli virkjunarinnar, verður lögð áhersla á varðveislu hennar fremur en framleiðslu raforku. Hún er einstakt dæmi um framsýni og kjark Seyðfirðinga í byrjun síðustu aldar, minnisvarði sem komandi kynslóðir munu eiga kost á að skoða.



Rafveita verður til

Hinn 15. október 1912 samþykkti bæjarstjórn að taka tilboði Siemens-Schuckert í Kaupmannahöfn, sem leitaði til móðurfyrirtækis síns í Berlín um aðstoð. Þar starfaði þá ungur, íslenskur rafmagnsfræðingur, Guðmundur Hlíðdal.

Framkvæmdir hófust vorið 1913 undir yfirumsjón Guðmundar Hlíðdals. Stífla var reist í Fjarðará skammt ofan við Fjarðarsel. Frá henni lá þrýstivatnspípa úr járni um 500 metra niður í Fjarðarselshvamm þar sem rafstöðvarhús var reist. Pípan var 46 sm í þvermál og fallhæðin 51,5 metrar. Vélasamstæðan var 75 ha vatnshverfill og riðstraumsrafall.

Frá virkjuninni var rafstraumur leiddur með 3.000 volta spennu og síðan spenntur niður í bæjarkefinu í 208 volt en til ljósa í 120 volt. Voru reistar fimm spennistöðvar til þess að lækka spennu innan bæjarkerfisins. Var þetta fyrsta háspennulína og fyrsta riðstraumskerfi hérlandis.

Rafljós voru kveikt í bænum 13. október 1913 er rafmagnni var hleypt á veituna frá Fjarðarselsvirkjun.

Virkjuninni var vel tekið af bæjarbúum og 18. október 1913 héldu Seyðfirðingar mikla rafljósa hátíð þar sem rafbirtunni var fagnað og framkvæmdaaðilum voru þökkúð góð störf. Meðal annars er þess minnst að mörg ljóð voru ort í tilefni þessara tímamóta, þeirra meðal ljóðið Seyðisfjörður eftir Karl Jónasson.

Einnig var til þess tekið að matseðill hátíðarinnar hafi verið sérlega glæsilegur, þar sem boðið var uppá súpu og brauðkollur með humri; bæheimsbjúga, reykt svínslæri, reykt nautstungu með gerskum baunum, dilkasteik með jarðeplum, sherry og kampavín og síðan köku og kaffi á eftir.



Matseðill.

1. Súpa _____ Sherry
2. Brauðkollur með humra & alistingum. _____ Rindurvin.
3. Bæheimsbjúga. }
 { Reykt svínslæri. } með gerskum baunum.
 { Reykt nautstunga. } _____ Rindurvin.
4. Dilkasteik & jarðepli. _____ Kampavín
5. K a k u.
6. K a f f i.

Merkisviðburður

Gangsetning virkjunarinnar var merkisviðburður í sögu Seyðisfjarðar og ekki síður í raforkusögu landsmanna. Til gamans má geta þess að frétt um vígslu virkjunarinnar var á forsíðu fyrsta tölublaðs Morgunblaðsins, 2. nóvember 1913.

Rafveita Seyðisfjarðar.

(Simfregn frá Sf.).

Þ. 18. okt. var haldin ljósa hátíð hér í bænum, vígsluveizla rafveitunnar; voru þá kveikt fyrsta sinni rafljós Seyðisfjarðar, og mikið um dýrðir, eins og nærri má geta.

Aðalræðuna hélt Jóhannes bæjarfógeti, en margir aðrir töluðu.

Valurinn var staddur á Seyðisfirði og voru feringjar hans boðnir.

Ekki minna en 7 kvæði voru ort við þetta tækifæri og sungin í veizlunni, 3 eftir Sig. Arngrímsson og 4 eftir Karl Jónasson.



Fyrrum var...

Nálægð virkjunarinnar við Seyðisfjörð eykur einnig gildi hennar fyrir bæjarbúa og til dæmis eru hvammurinn og gilið hluti af útivistarsvæði Seyðfirðinga.

Fyrir 90 ára afmælið 2003 ákvað RARIK að leggja áherslu á það vægi sem virkjunin hefur í raforkusögu landsins og hafa hana til sýnis fyrir innlenda og erlenda gesti. Í því skyni var sett upp minjasýning í stöðvarhúsinu og stöðvarhúsið og næsta nágrenni lagfært.

Sýningin ber yfirskriftina: "Fyrrum var í Fjarðarseli" þessi vísir að safni hefur vakið verðskuldaða athygli ferðamanna og er safnið opið eftir samkomulagi.

Farsæll ferill í 100 ár

Rafmagnið var einungis notað til lýsingar fyrst um sinn. En fljótlega var farið að nota það einnig til eldunar og húsahitunar. Að vísu var spenna oft lág í skammdeginu þegar vatn var lítið í Fjarðará. En húsmæður höfðu lag á að dreifa notkuninni við suðu og bakstur og nýta þannig orkuna sem best.

Möguleikar til húsahitunar komu að sérlega góðum notum í heimsstyrjöldunum tveimur, þegar kolaverð margfaldaðist. Mest virði var þó rafmagnið fyrir atvinnulífið. Það sem fyrir var efldist og nýir möguleikar opnuðust.

Á veturna varð vatnsskortur í Fjarðará en vatn þvarr í miklum frostum og þurrkum. Afl var því oft lítið. Varð þetta því bagalegra sem álag jókst meira. Árið 1946 var miðlun aukin með því að stífla ós Heiðarvatns. Hafði bæjarstjórn lengi haft augastað á Heiðarvatni á Fjarðarheiði til vatnsmiðlunar er gera mundi mögulegt að stækka rafveituna sem var orðið mjög aðkallandi.

Árið 1954 var 30 kílóvolta háspennulína lögð frá Seyðisfirði til Egilsstaða um 20 km veg til þess að tengja Egilsstaði við FjarðarselvirkJun. Með tilkomu Grímsárvirkjunar 1958 varð línan og FjarðarselvirkJun hluti af samveitu Austurlands.

Rafmagnsveitur ríkisins keyptu Rafveitu Seyðisfjarðar 9. janúar 1957 og tóku við rekstrinum árið 1958.

Ekki aðeins er FjarðarselvirkJun elsta starfhæfa virkjun landsins og óræk sönnun um þá framsýni og forystu sem Seyðisfjörður hefur löngum státað af, heldur markaði hún afgerandi tímamót í tæknilegu tilliti á sínum tíma.

FjarðarselvirkJun er fyrsta riðstraumsvirkjun á landinu og frá henni var lagður fyrsti háspennu-strengurinn. Hún var einnig aflstöð fyrstu eiginlegu bæjarveitunnar á Íslandi en fyrir voru almenningssveitur í Hafnarfirði og víðar en þær höfðu mjög takmarkað afl til ráðstöfunar og dugði það engan veginn þessum bæjarfélögum.

Riðstraumstæknin var í raun forsenda þess að hægt var að rafvæða heimilin. Hún gaf möguleika á að hækka og lækka á ódýran hátt spennu á veitum og þar með að flytja raforku miklar vegalengdir.

FjarðarselvirkJun þykir ekki stór á nútíma mælikvarða. Hún hefur engu að síður verið stækkuð frá upphaflegri mynd og er nú liðlega 200 kW. Þrátt fyrir það er hún ekki mikið breytt frá upphafi. Fyrsti vatnshverfillinn er enn í virkjuninni ásamt tilheyrandi búnaði.

Víst er að Seyðisfirðingar hafa í upphafi haft að leiðarljósi að vel skyldi vanda það sem lengi ætti að standa því mjög var vandað til virkjunarinnar þegar hún var byggð, sem síðan hefur auðveldað mjög viðhald hennar.



Fjarðarselsvirkjun

1913 - 2013

Þáttaskil í sögu rafvæðingar á Íslandi

Fjarðarselsvirkjun í Seyðisfirði er elsta, starfhæfa vatnsaflsvirkjun á Íslandi og tók til starfa í október 1913. Virkjunin markaði tímamót í sögu rafvæðingar landsins.

*Hún var fyrsta riðstraumsvirkjun á Íslandi
Hún var virkjun fyrstu bæjarrafveitu landsins
Fyrsta háspennulína á Íslandi var lögð frá henni til bæjarins*

RARIK keypti Fjarðarselsvirkjun af Seyðisfjarðarbæ árið 1957 og starfrækir virkjunina enn í nær óbreyttri mynd.



RARIK ohf. | Bíldshöfða 9 | 110 Reykjavík | www.rarik.is

